

Mál nr. 47/2015

vátryggingafélagið X vegna ferðasjúkrakostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Synjun um greiðslu sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis.

Gögn.

- 1) Málskot, mótttekið 5.2.2015, ásamt fylgiskjöllum
- 2) Bréf X, dags. 26.2.2015

Málsatvik.

Málskotsaðili leitaði sér lækninga á Bangkok Hospital Pattaya á Tælandi vegna óþæginda í ristli meðan á ferðalagi hans stóð þar ytra. Telur hann sig eiga rétt á greiðslu úr fjölskyldutryggingu sinni vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi erlendis.

X hefur hafnað greiðsluskyldu sökum þess að ekki hafi verið um bráð veikindi að ræða og vísar þar til álits læknis á vegum neyðarþjónustufyrirtækis sem vísað er til í vátryggingarskilmálum V.

Málskotsaðili kvartar yfir synjun X og telur að hann eigi rétt til greiðslu læknskostnaðar og vísar til læknisvottorða máli sínu til stuðnings.

Álit.

Mál þetta varðar túlkun ákvæði 61. gr. vátryggingarskilmála X, nánar tiltekið hvort inntak þess takmarkist við bráð veikindi og slys á ferðalagi. Ákvæðið ber með sér að félagið greiði bætur vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings sem vátryggingin tekur til, þar á meðal læknis- og sérfræðikostnað o.fl. vegna þess að vátryggður veikist eða slasast á ferðalagi.

Í ákvæðinu segir ekki berum orðum að greiðslur úr tryggingunni miðist eingöngu við slys og bráð veikindi né ber orðalag þess að öðru leyti það með sér að slík takmörkun felist í því. Slíkar takmörkunarreglur er heldur ekki að finna í öðrum ákvæðum skilmálanna. Verður X að bera hallann af þögn ákvæðisins hvað þetta varðar. Af þessum sökum er fallist á greiðsluskyldu læknskostnaðar M úr fjölskyldutryggingu hans.

Niðurstaða.

Málskotsaðili á rétt á greiðslu vegna sjúkrakostnaðar á ferðalagi úr ferðasjúkrakostnaðarlið fjölskyldutryggingar.

Reykjavík, 14. apríl 2015

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.